

*Alþingi
Erindi nr. P 127/1017
komudagur 6.3.2002*

Iðnaðarnefnd
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 5. mars 2002

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 17/1991, um einkaleyfi, með síðari breytingum, 453. mál.

Mikilvægi einkaleyfa í atvinnurekstri fer sífellt vaxandi.

Skýrar lagareglur og alþjóðasamningar, gegnsæi, lækkun kostnaðar og einföldun reglna varðandi tungumál eru allt þættir sem skipta miklu máli.


Íslensk fyrirtæki hafa sótt í sig veðrið undanfarin ár við að taka út einkaleyfi, en þar þarf að gera enn betur. Til þess er þeim mikilvægt að hafa greiðan aðgang að lipru kerfi til þess að verja sín réttindi innanlands og utan.

Rétt er í því sambandi að minna á greinargerðir verkefnastjórnar um eflingu vitundar um einkaleyfi frá því 1999 og nefndar um mat á aðild Íslands að Evrópusáttmálanum um einkaleyfi frá því 2001. Báðar voru skipaðar af iðnaðarráðherra. Þar er m.a. lagt til að iðnaðarráðherra hefji nú þegar undirbúning að aðild Íslands að Evrópusáttmálanum um einkaleyfi með gerð frumvarps vegna nauðsynlegra breytinga á lögum og aðildarumsóknar í kjölfar þess.

Undir þetta taka Samtök iðnaðarins.

Frumvarpið sem hér er til umsagnar felur í sér sjálfsagðar og eðlilegar lagfæringar á núgildandi lögum og styðja Samtök iðnaðarins að það verði að lögum en minna á að mikilvæg verkefni bíða Alþingis á þessu sviði.

SAMTÖK IÐNAÐARINS


Jón Steindór Valdimarsson
aðstoðarframkvæmdastjóri